

REGLUGERÐ

um skipun stjórnarnefndar og svæðisstjórna málefna fatlaðra.

1. gr.

Sérstök nefnd fer með yfirstjórn málefna fatlaðra og kallast hún stjórnarnefnd. Í stjórnarnefnd eiga sæti sjö menn skipaðir til fjögurra ára í senn.

Félagsmálaráðherra, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og menntamálaráðherra skipa sinn manninn hver. Félagsmálaráðherra skipar svo fjóra menn í nefndina, einn samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga og þrjá samkvæmt tilnefningu Landssamtakanna Proskahjálpar og Öryrkjabandalags Íslands. Sá nefndarmaður sem félagsmálaráðherra skipar án tilnefningar skal vera formaður stjórnarnefndar.

Varamenn skulu skipaðir og tilnefndir af sömu aðilum og aðalmenn.

2. gr.

Tilnefning hinna þriggja fulltrúa Landssamtakanna Proskahjálpar og Öryrkjabandalags Íslands fer fram með þeim hætti sem segir í þessari grein.

Hvor samtökin fyrir sig tilnefna fyrst tvo menn. Hjá félagsmálaráðuneytinu eru síðan dregin út nöfn þriggja þessara manna að viðstöddum fulltrúum samtakanna og taka þeir sæti í stjórnarnefnd sem aðalmenn en fjórði maðurinn verður fyrsti varamaður þeirra. Kemur hann til starfa í stjórnarnefndinni án tillits til þess hvor samtakanna hafa tilnefnt hann.

Pegar lokið er tilnefningu aðalmanna og fyrsta varamanns tilnefna samtökin sinn varamanninn hvor.

Pegar liðin eru tvö ár af skipunartíma stjórnarnefndar tekur fyrsti varamaður sæti í nefndinni sem aðalmaður til loka skipunartímans. Annar fulltrúi þeirra samtaka sem áttu tvo fulltrúa í nefndinni verður þá fyrsti varamaður. Verði ekki samkomulag um það hvor hinna tveggja skuli víkja skal hlutkesti ráða.

Við forföll aðalmanna skal jafnan leitast við að tryggja það að ekki séu þrír fulltrúar sömu samtaka í stjórnarnefnd samtímis.

3. gr.

Landinu er skipt í átta starfssvæði hvað málefni fatlaðra varðar.

Á hverju svæði skal starfa sjö manna svæðisstjórn.

Í hverri svæðisstjórn skulu vera fræðslustjóri, héraðslæknir og fimm menn skipaðir af félagsmálaráðherra. Tveir þeirra skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu svæðisbundinna samtaka sveitarfélaga og skal annar þeirra vera úr fulltrúaráði eða stjórn viðkomandi samtaka. Þrír stjórnarmenn skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Landssamtakanna Proskahjálpar og Öryrkjabandalags Íslands. Um tilnefningu og skipun þessara fulltrúa samtaka fatlaðra gildir sama regla og um tilnefningu fulltrúa þessara samtaka í stjórnarnefnd samkvæmt 2. gr.

Í Reykjavík tilnefnir borgarstjórn tvo fulltrúa, annan úr sínum hópi en hinn fulltrúa í félagsmálaráði Reykjavíkur.

Svæðisstjórn kýs sér formann. Þeir sem skipa svæðisstjórn skulu búsettir á svæðinu.

Varamenn skulu tilnefndir og skipaðir á sama hátt og varamenn í stjórnarnefnd samkvæmt 2. grein.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 41 23. mars 1983 um málefni fatlaðra og öðlast gildi 1. janúar 1984.

Félagsmálaráðuneytið, 24. nóvember 1983.

Alexander Stefánsson.

Margrét Margeirsdóttir.